

Miðvikudaginn 8. okt. 1930.

Nr. 90/1929.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)
gegn

Ewert Eilts (Jón Ásbjörnsson).

Sýknudómur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. júlí 1929: Kærður, Ewert Eilts, greiði 12500 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir b/v »Tyr« P. G. 139, sé upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, kom varðskipið að togaranum kl. 12,16 síðdegis og kl. 12,17 var dýpið mælt 2—3 skipslengdum aftan við togarann, er þá var að draga upp stjórnbörðsvörpu. Varðskipsforinginn gerði þá þegar kompásmælingu af stað skipsins, en þessi mæling hefir eigi verið færð inn í skýrsluna, með því skipherrann taldi mælinguna ekki ábyggilega sökum dimmviðris. Kl. 12,35 lét varðskipið akkeri falla, um 400 metrum innan og vestan við togarann, og var staður varðskipsins síðan ákveðinn með 2 mælingum kl. 1,14 og kl. 2. Hefir forstöðumaður Stýrimannaskólans sett mælingar þessar á sjóbréf, er lagt hefir verið fram í hæstarétti, og hefir þá komið í ljós, að staður varðskipsins hefir eftir síðari mælingunni mælt 326 metrum vestar en eftir fyrri mælingunni, en það, sem aðallega er að athuga við handtöku þessa, er það, að varðskipið

hleypti eigi niður bóli, er það kom að togaranum kl. 12,16, og varpaði eigi út akkeri fyr en kl. 12,35, eða nítján mínútum síðar. Með því að það virðist eigi útilokað, að varðskipið hafi á þessu tímabili færst inn að landi, svo sem kærði heldur fram, hefir staður togarans, er hann var tekinn, ekki verið fundinn með nægilegri vissu, enda skyggni ekki gott, er mælingarnar voru gjörðar. Það þykir því varhugavert, eftir þeim upplýsingum, er liggja fyrir í málinu, að telja það nægilega sannað, að kærði hafi verið að veiðum í landhelgi í umrætt skifti, og verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 100 kr. til hvors.

Mál þetta hefir verið all-lengi í höndum verjanda, en sá dráttur hefir verið réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ewert Eilts, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans, P. G. 139, »Tyr« frá Geestemünde, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ewert Eilts, skipstjóra á b/v P. G. 139, »Tyr« frá Wesermünde, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveidum.

Laugardaginn 13. júlí 1929 kom varðskipið »Ægir« frá Kaupmannahöfn og var á leiðinni til Reykjavíkur, Kl. 11,47 árdegis var varðskipið, samkvæmt leiðarreikningi, í réttv. S. 62° V. frá Ingólfshöfða í 29,8 sjóm. fjarlægð. Vegmælir sýndi þá 23,2, en samtímis miðaðist togari í réttv. N. 81° V. og virtist hann hafa stefnu á land. Kl. 11,55 sýndi vegmælir 5,1 og var þá þegar breytt um stefnu og haldið skammt austan við áður nefndan togara og stýrt í misv. NV. til N¹/₂N. og virtist togarinn þá stýra austlæga stefnu. Kl. 12,06 dró varðskipið upp stöðvunarmerki, en kl. 12,10 dró togarinn flagg á stöng, en hélt þó áfram, og stýrði nú hér um bil A. til S. Kl. 12,14 gaf varðskipið stöðvunarmerki með eimpípunni og kl. 12,15 var skotið púðurskoti og kl. 12,16 nam varðskipið staðar hjá togaranum, sem þá var að byrja að hala inn stjórnborðsvörpuna. Kl. 12,17 var dýpið mælt aftan við togarann og var það 106 metrar. Kl. 12,35 var akkeri látið falla og gefnir út 225 metrar, með því að svo ógreinilega sást til lands, að réttara þótti að biða unz birti og mæla staðinn nákvæmlega. En til bráðavirgða voru þó gerðar staðarákvarðanir um 12,35 eða rétt eftir að akkerunum hafði verið kastað og kærður kom um borð.

Kl. 1,14 e. h. miðaðist sjómerkið sunnan við Eldvatnsós í misv. V. ¹/₄ S. = réttv. S. 58° V. og samtímis var mælt $\wedge$ milli merkisins og hússins austan við Eldvatnsós 97¹/₂° og gefur sú mæling stað togarans 0,2 sjóm. innan landhelgislinunnar, þá hann dró inn vörpuna.

Kl. 2 e. h. var tekin sama miðun af sjómerkinu og mælt þá til hins sama húss 99° 44'.

Kærður neitar því ákveðið, að hann hafi verið innan landhelgislinunnar og staðhæfir, að mælingarnar séu ekki réttar. Hann bendir fyrst og fremst á það, að frá því að komið hafi verið að sér og þangað til varpað var akkeri, hafi liðið um 19 mínútur, og þá fyrst hafi verið gerð staðarákvörðun. Vindur með styrkleika um 3 hafi staðið af VSV., en straumur hafi verið sterkur til NA. Þessvegna hafi skip sitt rekið nokkuð áleiðis inn í landhelgina þessar 19 mínútur; ennfremur telur hann líklegt, að varðskipið hafi rekið eftir að það kastaði út

akkeri, því það hafi verið svo létt, en botninn sé þarna mjög sléttur. Ennfremur heldur hann því fram, að fyrsta mælingin, sem gerð hafi verið, hafi verið rétt og ábyggilegust vegna þess, að hún hafi verið gerð yfir kompás með miðunartæki og með berum augum, en til þess að gera hinar mælingarnar gegnum sextant, þurfi meiri birtu (þ. e. betra skygni), og merkin að sjást miklu greinilegar, með því að myndin eigi að fara í gegnum tvo spegla. Hann kveðst hafa reynt að sjá merkin gegnum sextantinn hjá skipherranum og á sínu eigin skipi og ekki tekizt það, enda þótt merkin hafi sézt með berum augum. Hann kveður skygnið hafa verið betra, þegar 1. miðunin var gjörð en þegar miðanirnar voru gjörðar kl. 1,14 og kl. 2.

Skipherrann hefir nú bent á það, að með þeirri vindstöðu, sem kærður gefur upp, hafi vindurinn frekar átt að reka skipið úr landhelgi, og að straumstaðan, eftir hans uppgjöf, sé þannig, að straumurinn liggi nokkurnveginn parallelt með landhelgislinunni á umræddum stað. Strengina á akkeri varðsupsins kveður hann einnig hafa legið í hér um bil suðvestur eða parallelt með landhelgislinunni; það, sem skipin hafi rekið í þessar mínútur, hljóti þau því að hafa rekið meðfram linunni. Fyrstu miðunina, sem hann gjörði, kveðst hann ekki hafa tekið með í skýrsluna vegna þess, að hún hafi verið gjörð í mesta flýti, í lélegu skygni, og skipið hafi legið órólega vegna þess, að vindur hafi staðið á hlið þess. Hann kveðst einmitt fyrir þessa sök hafa látið skipið leggja sig og hafa beðið eftir betra skygni og hafi miðanirnar þá verið gjörðar á löngum tíma og undir langtum betri skilyrðum, og því með miklu meiri nákvæmni. Hann kveðst sjálfur hafa gjört miðanirnar og mælingarnar kl. 1,14, en 2. stýrimaður kl. 2, og hafi hann þá og fullvissað sig um, að þær væru réttar. Hann bendir ennfremur á, að togarinn hafi siglt skáhallt út úr landhelginni áður en hann stoppaði, og hljóti því að hafa verið að veiðum talsvert innar en hann dró inn vörpuna. Kærður færir það fram, auk þess sem áður segir, að þótt hann kunni að hafa siglt í þá átt, sem skipherrann heldur fram, að hann hafi gjört áður en hann var stöðvaður, þá geti það ekki sannað, að hann hafi verið í landhelgi, því hann hafi siglt í austlæga átt um 5 mínútur, en síðan haldið kyrru fyrir. Annars kveður hann skip sitt venjulega sigla með $2\frac{1}{2}$ milu hraða, er hann sé að toga.

Dómarinn verður nú að telja, að það, sem með framburði

kærðs sjálfs er upplýst um vindátt og straum og um legu akkerisstrengsins eftir að varðskipið hafi lagt sig, sýni það nægilega, að togarinn og varðskipið hafi ekki, eins og landhelgislinan liggur á þessum umrædda stað, rekið inn í landhelgina á áðurnefndum 19 mínútum, áður en akkeri var kastað, heldur hljóti skipið að hafa rekið nokkurnveginn parallelt með landhelgislinunni; þess vegna geti þetta út af fyrir sig ekki haft nein veruleg áhrif á staðarákvörðunina. En mælingarnar kl. 1,14 og 2, sem gjörðar eru með beztu tækjum af þaulæfðum mönnum, er staðhæfa og vinna eið að því, að þær séu gjörðar þar sem varðskipið liggur kyrt, í sæmilegu skygni og með fyllstu nákvæmni, er að álitu réttarins ekki unnt að véfengja. Og þegar þess er gætt, að togarinn stefnir í 21 mínútu skáhallt frá landinu áður en varðskipið kemur að honum, þótt ferðin kunni að hafa verið fremur litil, verður að álitu réttarins að telja það nægilega sannað, að kærður, Ewert Eilts, hafi verið að veiðum innan íslenzkrar landhelgi, í Meðallandsvík, skömmu áður en varðskipið »Ægir« kom þar að honum kl. 12,17 e. h. hinn 13. þ. m.

Kærður hefir með þessu framferði brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5, frá 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, með tilliti til þess, að kærðum hefir ekki verið refsað áður fyrir brot á íslenzkri fiskiveiðalöggjöf, hæfilega ákveðin eftir 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924, kr. 12500 — í Landhelgissjóð Íslands — með tilliti til þess, að íslenzk króna jafngildir 81,70 aorum gulls, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands. Verði sektin ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa, komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í hennar stað.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir b/v P. G. 139 »Tyr« frá Wesermünde, sé upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.